

# Loftslagsstefna

## Lögreglunnar á Vesturlandi

Lögreglan á Vesturlandi vill vera til fyrirmyndar í loftslagsmálum og hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi í rekstri, stjórnun, starfsemi og uppbyggingu. Lögð verður áhersla á að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi Lögreglunnar á Vesturlandi og þeim áhrifum sem losuninni fylgir.

Fyrsta tímabil loftslagsstefnu Lögreglunnar á Vesturlandi nær yfir árin 2022-2024. Fyrir liggur tímasett aðgerðaáætlun um mælanleg markmið og skilgreindar aðgerðir á þessu tímabili. Fram til 2030 mun Lögreglan á Vesturlandi draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 30% miðað við árið 2020. Öll eftirstandandi losun í rekstri verður kolefnisjöfnuð með kaupum á vottuðum einingum frá og með árinu 2022. Markmið þetta tekur mið af skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamkomulaginu og yfirlýsingu yfirvalda um kolefnishlutleysi.

Stefnan nær til allrar starfsemi Lögreglunnar á Vesturlandi, þ.e.a.s. rekstrar, mannvirkja og framkvæmda, hvort sem um er að ræða orkunotkun, úrgangsmyndun eða innkaup. Einnig verður stuðst við uppfærða aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum, leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um loftslagsstefnur opinberra aðila og Græn skref í ríkisrekstri.

Stefnunni er fylgt eftir með innleiðingu Grænna skrefa í ríkisrekstri, sem hófst hjá lögreglu Vesturlands í október árið 2021, í samræmi við fyrrnefnda aðgerðaáætlun 2022-2024. Loftslagsstefna Lögreglunnar á Vesturlandi er rýnd á hverju ári af umhverfisteymi lögreglunnar á Vesturlandi og yfir- og undirmarkmið uppfærð með tilliti til niðurstaðna græns bókhalds og þróunar heildarlosunar stofnunar á milli ára.

Loftslagsstefnan er samþykkt af umhverfisteymi Lögreglunnar á Vesturlandi 7. desember 2021 og verður árangur aðgerða birtur opinberlega á vef Lögreglunnar á Vesturlandi.

